

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 25. október 2021
UST202110-080/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Fitjar - Reykjanesbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Fitjar í Reykjanesbæ. Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsins sé að efla lýðheilsu í nánd við náttúru, tryggja náttúruvernd og stuðla að náttúruskoðun. Svæðið er eftirsótt útivistarsvæði og ríkt af fuglalífi.

Tvær atvinnulóðir eru skilgreindar sunnan við Fitjabakka. Önnur þeirra, Fitjabakki 6, er næst þjónustuhúsi á horni Njarðarbrautar og Fitjabakka. Lóðin er 2.800 m² að stærð, nýtingarhlutfall er 0,4 og er byggingarheimild innan byggingarreits B1.

Hin atvinnulóðin er skilgreind fyrir þjónustuhús við austurenda Fitjabakka, lóðarstærð er 16.200 m² og nýtingarhlutfall 0,65. Innan reits B2 er heimilt að byggja heilsuræktarstöð með veitingasal og hóteli, heimild fyrir baðlaug utanhúss og „fjörupotti“ utan lóðar. Einnig gerir tillagan ráð fyrir göngustígum og bílastæðum á útivistarsvæði Njarðvíkurfitja. Deiliskipulagssvæðið er u.þ.b. 29 ha.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar þar sem fyrirhugað er að sjópottur verði staðsettur falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að sandmaðksleirur eru með hátt verndargildi og eru mjög mikilvægt fæðusvæði tjalds og sandlóu (<https://www.ni.is/greinar/sandmadksleirur>).

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar getur sjópotturinn haft áhrif á sandmaðkinn og því raskað fæðusvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áhrif sjópotts séu metin á fæðusvæði fuglanna og leitað sé álits Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Göngustígar

Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar er komin göngustígur á suðaustur hluta M4 (miðsvæði) Njarðvíkurfitja. Umhverfisstofnun telur óljóst hvort eigi að viðhalda þeim stígum sem fyrir eru eða hvort eigi að leggja nýja stíga.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur